

# Raftíðindi

5. tbl. 2010

## SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 • Sími 520 3000  
www.sminor.is

## Nýjungar


### GSM-öryggiseining

fyrir heimili, sumarbústaði, bílskúra, báta o. fl.

Kynnum til sögunnar EPIR-öryggiseininguna frá lithánska fyrirtækinu

**Eldes.** Um leið og „óvelkominn gest“ ber að garði lætur hún tafarlaust vita með SMS-skilaboðum og hringingu í farsíma. Ef rafmagnið fer af skiptir einingin sjálfvirk yfir á vararafhloðu. Hægt er að treysta því að látið verði vita komi eitthvað upp á heima, í sumarbústaðnum, bílskúrnum eða bátnum.

Að virkja EPIR-öryggiseininguna er einfalt:



SIM-kort sett í



Eining tengd við rafmagn



Forritun framkvæmd og einingin er tilbúin til notkunar

Búnaður þessi er samsettur úr einingunni sjálfri, spennugjafa og loftneti. Auk þess fylgja með notkunarleiðbeiningar.

#### Tæknilegar upplýsingar:

900/1800 MHz GSM-eining  
Spenna: 15 V DC  
Stærð: 104 x 60 x 33 mm  
Leyfilegur umhverfishiti: -10 upp í +40° C




Þetta tákn vísar á lífandi slóð.

### GSM-fjarstýrieining

með sjálfveljara - ESIM 151

Helsta virkni ESIM 151 einingarinnar er að vinna sem viðbót við hvers konar stjórneiningar og öryggiskerfi en hún getur jafnframt unnið sem sjálfstæð eining. Ef inngangsmarki verður virkt er neyðarnúmer valið og SMS-skeyti sent í fyrirfram ákveðið númer (eitt eða fleiri).



Öll tilboð gilda til 4. nóv. 2010 eða á meðan birgðir endast. Öll verð eru án vsk.

## Tilboð!



### Pozi-skrúfjárn

í veski

Þjóðum á góðu verði skrúfjárn í veski frá þýska fyrirtækinu **Haupa**. Í því er handfang fyrir skrúfjárnin með læsingu til að koma í veg fyrir að þau losni úr því. Skrúfjárnin eru 6 talsins: 2,5/3/4/PZ1/PZ2/PZ-FL2. Tveir skápalyklar fylgja með. Skrúfjárnin hafa öll verið prófuð skv. IEC 60900: 2004 og öruggt er að vinna með þau allt upp í 1000 V. Einnig fylgir með tappi til að setja á skrúfjárnin ef handfangið er ekki til staðar eða t.d. fyrir finni vinnu. Veskið er úr sterku næloni og má festa það á belt. Einnig er á veskinu lykkja til að hengja það upp.

Vörunúmer HP102000/PZ  
Vöruheiti Skrúfjárn POZI í veski

Tilboðsverð: **4.500 kr.**

### Skrúfuhirsla frá Haupa



Á tilboði er einnig skrúfuhirsla með völdum skrúfum frá **Haupa**. Um er að ræða 1800 skrúfur af stærðinni 3,5 x 20 upp í 6,0 x 80. Box með 17 ólíkum skrúfbitum fylgir með.

Vörunúmer HP792806  
Vöruheiti Skrúfuhirsla

Tilboðsverð: **7.900 kr**



Árlegt golfmót fyrir viðskiptavini Smith & Norland fór fram á golfvelli í Öndverðarnesi 20. ágúst sl. Þátttaka var góð og lék veðrið við golfleikara og gesti. Að móti loknu var sest að snæðingi þar sem vinningar voru afhentir. Sigurvegari án forgjafar var Arnar Sigurbjörnsson frá Rafglóð. Í öðru sæti var Jón Þór Erlingsson frá NaustMarine. Sigurvegari með forgjöf var Sigurjón Sigurðsson frá Raftvst. Sigurjóns Guðmundssonar. Í öðru sæti var Sigurður Angantýsson.

## Fleiri nýjungar

Smith & Norland hefur hafið samstarf við spænska fyrirtækið **DINUY**. Það er fjölskyldufyrirtæki sem var stofnað á fjórða áratug liðinnar aldar til að framleiða dyrabjöllur og stigabiðrofa. Nú hefur fyrirtækið aukið við vöruúrvalið með framleiðslu á tímaliðum, spennum, ljósdeyfum og PIR-hreyfiskynjurum. Vörurnar eru á hagstæðu verði. DINUY hefur verið skráð frá árinu 1999 hjá staðla- og vottunarstofnuninni AENOR skv. gæðastaðlinum ISO 9001. Hér að neðan eru dæmi um vörur sem til eru á lager hjá okkur:

### 1 Hreyfiskynjari í dós DYDM CAM 001

- Spenna: 230 V~ 50 Hz
- Tengist í rofadós
- Tími, birtustig og næmni stillanleg
- Svið: 200° innan 8 m í 1,2 – 1,5 m hæð frá gólfi
- Álag: 2000 W glópera, 1200 W halógenpera 230 V~, 1000 W halógenpera 12 V, 900 W flúrpera (100µF) og sparperur.
- Priggja víra tenging




### 2 Töfludimmir tveggja eininga DYRE EL2 000

- Festist á DIN-skinnu
- Stýrt með þrýstirofa eða 0-10 V DC-merki
- Ætlaður fyrir gló- og halógenperur (R- og C-álag)
- Tengja má nokkra dimma saman („master/slave“)
- Hámarksálag: 1000 W



### 3 Ljósdeyfir DYRE PLA 000

- Tengist í rofadós, á bak við þrýstirofa
- Stýrt af þrýstirofa
- Ætlaður fyrir gló- og halógenperur (R-, L- og C-álag)
- Hámarksálag: 400 W



### 4 Spennubreytir DYTFR 105

- Rafeindaspennubreytir með innbyggðum ljósdeyfi fyrir halógenperur
- Stýrt með sendi, annaðhvort með rafhlöðu eða fyrir 230 V (EM TFR 001 eða EM TFR 002)
- Hámarksálag: 105 W
- Mögulegt er að tengja tvo saman



**TM** TECHNOLOGIE

## Spennuprófari

frá Fluke

Snertifír spennuprófari fyrir riðspennu frá **Fluke**. Mjög einfaldur í notkun. Aðeins þarf að snerta tengi, leiðslu eða tengla með prófararum og hann lýsir og sendir frá sér hljóðmerki ef spenna er á. Gefur merki þegar rafhlöður nálgast lágmarkshleðslu. Slekkur sjálfvirk á sér eftir um 5 mínútur. CAT IV 1000 V.

Mælisvið: 200 - 1000 V AC  
Vörunúmer: FL1AC II

Tilboðsverð: **7.900 kr**

Hentug taska er fánleg fyrir Fluke 1AC II.

Vörunúmer: FLH5

## Minnum á

### Neyðarljós frá TM

Pólsku neyðarljósin frá TM TECHNOLOGIE hafa vakið athygli vegna góðs verðs og vandaðs frágangs. Ljósin eru hugsuð til að lýsa upp útganga og vekja athygli á flóttaleiðum á almenningsstöðum. Varnaflokkur þeirra er IP65. Ljósin eru með prófunarhnappi.



Enski vörulistinn frá Fagerhult er kominn í hús!

**SMITH & NORLAND**

Nóatúni 4 • Sími 520 3000  
www.sminor.is